

HS Veitur hf.

Ársreikningur

2017

HS Veitur hf.
Brekkustíg 36
260 Reykjanesbæ
kt. 431208-0590

HS Veitur hf.

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-5
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	6-7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um eigið fé	11
Skýringar	12-27
Viðauki 1: Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð	28-29
Viðauki 2: Ófjárhagslegar upplýsingar, óendurskoðuð	30

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HS Veitum hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð HS Veitum hf. í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflat nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2017. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álití á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum
<p>Rekstrartekjur</p> <p>Flækjustig tekjuskráningar hjá félagini er umtalsvert m.a. vegna flókinna tölvukerfa og fjölda viðskiptavina. Vegna þessa er eðlisleg áhætta í liðnum sem snýr að nákvæmni og heild í tekjuskráningu félagsins. Því teljum við tekjuskráningu vera megináherslu í endurskoðun okkar.</p> <p>Vísum í skýringu 3 með ársreikningi.</p>	<p>Við endurskoðun á tekjum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá félagini við skráningu á tekjum. Við vorum með tölvusérfræðinga í endurskoðunarteyminu til að prófa hönnun, innleiðingu og virkni viðeigandi eftirlitsþátta í tölvukerfi félagsins. Var meðal annars prófað aðgangsstýringar, breytingarstjórnun og sjálvirkt eftirlit í tekjuskráningarfærlinu.</p> <p>Við höfum prófað tekjuskráningu félagsins með greiningaraðgerðum auk þess að hafa valið úrtak úr viðskiptakröfum í árslok og staðfest við greiðslu eftir reikningsskiladag.</p>

Áritun óháðs endurskoðanda

Megináherslur við endurskoðunina (framhald)

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum
<p>Rekstrarfjármunir</p> <p>Félagið skiptir varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum sínum niður á þrjár sjóðskapandi einingar sem eru heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Bókfært verð þeirra eigna í árslok nemur 23.370 milljónum króna eða 93% af efnahagsreikning félagsins. Eignirnar eru færðar samkvæmt endurmatsaðferð og voru eignirnar endurmetnar í lok árs 2017.</p> <p>Virði rekstrarfjármunana er því háð mati stjórnenda á rekstri undirliggjandi sjóðskapandi eininga næstu árin auch fjárfestingaþarfar. Þar sem rekstrarfjármunir eru mjög sérhæfdir og stærsta eign félagsins teljum við virðismat þeirra vera megináherslu við endurskoðun okkar.</p> <p>Að því er vardar mat á virði rekstrarfjármuna vísum við í skýringu 12 um rekstrarfjármuni og skýringu 3 um mikilvægar reikningskilaðferðir.</p>	<p>Við fórum yfir sjóðstreymlíkan félagsins sem er til grundvallar á endurmati á rekstrarfjármunum. Við endurskoðunina fórum við yfir þá aðferðarfræði sem beitt er við sjóðstreymlíklanið. Við yfirferð okkar á sjóðstreymlíklaninu fórum við yfir helstu forsendur stjórnenda m.a.: • Áætlanir sem þeir byggja á við útreikninga í virðisýrnunarprófinu.</p> <p>• Hver vegin meðalarðsemi (WACC) er og með hvaða hætti hún er reiknuð og forsendur útreikninganna.</p> <p>Við fórum yfir hvort útreikningar í sjóðstreymlíklaninu væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort að skýringar í ársreikningnum varðandi virðismat rekstrarfjármuna væru viðeigandi.</p>

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu HS Veitna hf., sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag en innifela ekki ársreikninginn og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi HS Veitna hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuniinni, ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Reykjanesbær, 16. febrúar 2018.

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfredsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins á árinu 6.244 milljónum og nam heildarhagnaður ársins kr. 4.378 milljónum Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 25.073 milljónum, bókfært eigið fé í árslok er kr. 12.638 milljónir og er eiginfjárlutfall félagsins 50,41%.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 4 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 34,38% hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,42% hlut og Sandgerðisbær með 0,1% hlut.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2018 en að keypt verði eigin bréf fyrir 500 milljónir króna eins og gert var á árinu 2017.

Endurmat var fært í ársreikning félagsins þann 31. desember 2017 og nam fjárhæð þess 4.100 milljónum króna. Endurmatið byggir á áætluðu fjárstreymi félagsins sem byggir á rauntölu og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Fjárstreymisgreining er framkvæmd á hverja og eina sjóðsstapandi einingu, þ.e. rafveitu, hitaveitu og ferskvatn. Í fjárstreyminu er gert ráð fyrir að framtíðarnafnvöxtur á árunum 2018-2022 verði að meðaltali 4,2% en verði að meðaltali 2,5% að loknu spátímabili.

Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir tekjuskatt var að meðaltali 8,25% fyrir allar sjóðskapandi einingar. Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 57,1% skuldsetningu á markaðsvöxtunum 6%.

Nýr skuldabréfaflokkur HSVE 310138 var gefinn út þann 31. janúar 2018 rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Nýi flokkurinn er 5.500 milljónir króna að nafnverði og ber 2,98% verðtryggða vexti. Höfuðstóll og vextir greiðast með 40 jöfnum greiðslum og er fyrsti greiðsludagur 31. júlí 2018 og á sex mánaða fresti þar á eftir. Tilgangur útgáfunnar er endurfjármögnun á skuldabréfaflokk félagsins HSVE 08 01 ásamt því að tryggja langtímafjármögnun félagsins.

Stjórnarhættir

Stjórn HS Veitna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsmið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnháttayfirlýsingu sem er viðauki 1 við ársreikning félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og töku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengum almannahagsmunum og er til frekari upplýsinga vísað í viðauka 2 við ársreikning félagsins.

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Reykjanesbær, 16. febrúar 2018

í stjórn

Gunnar Þorvaldsson
Guðný Þóra Þórssen
Jón Ólafur Jónasson
Jóni Sifni -
Orri Þórðar Þórðarson
Ígvinnar Vals Hvalddorsd.

Forstjóri

Nína Þórssen

Yfirlit um heildarafkomu árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur		6.243.560	5.774.778
Kostnaðarverð sölu		(4.104.560)	(3.868.951)
Vergur hagnaður		<u>2.139.000</u>	<u>1.905.828</u>
Annar rekstrarkostnaður	6	(707.779)	(624.359)
Rekstrarhagnaður		<u>1.431.220</u>	<u>1.281.469</u>
Fjármunatekjur		90.966	154.016
Fjármagnsgjöld		(537.738)	(580.906)
Gengismunur		(333)	12.307
	9	<u>(447.104)</u>	<u>(414.583)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>984.116</u>	<u>866.886</u>
Tekjuskattur	10	(136.408)	(130.949)
Hagnaður ársins		<u>847.707</u>	<u>735.937</u>
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning:			
Endurmat rekstrarfjármuna	12	4.100.000	0
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna		(570.000)	0
Önnur heildarafkoma ársins		<u>3.530.000</u>	<u>0</u>
Heildarhagnaður ársins		<u>4.377.707</u>	<u>735.937</u>

Hagnaður á hlut:

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut 19 0,88 0,72

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	22.535.552	17.016.428
Óefnislegar eignir	13	834.125	726.676
Eignarhlutar í félögum	14	34.214	34.214
		<hr/> 23.403.891	<hr/> 17.777.318
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	326.170	296.164
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	1.029.119	1.044.179
Handbært fé	17	313.608	1.586.493
		<hr/> 1.668.897	<hr/> 2.926.837
Eignir		<hr/> 25.072.788	<hr/> 20.704.155
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	18	953.600	1.011.300
Lögbundinn varasjóður		238.400	252.825
Endurmatsreikningur		3.530.000	0
Óráðstafað eigið fé		7.916.206	7.496.374
		<hr/> 12.638.206	<hr/> 8.760.499
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	20	6.893.726	8.307.856
Aðrar langtímaskuldir	21	742.561	640.561
Fyrirframinnheimtar tekjur	22	502.823	590.737
Tekjuskattsskuldbinding	23	1.842.306	1.242.084
		<hr/> 9.981.416	<hr/> 10.781.239
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	569.595	641.451
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	1.589.470	345.509
Ógreiddir reiknaðir skattar	10	106.186	82.571
Fyrirframinnheimtar tekjur	22	187.914	92.887
		<hr/> 2.453.166	<hr/> 1.162.418
		<hr/> 12.434.582	<hr/> 11.943.656
		<hr/> 25.072.788	<hr/> 20.704.155

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.431.220	1.281.469
Afskriftir	8	729.191	617.636
Söluhagnaður fastafjármuna		(315)	(4.102)
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	25	(12.976)	3.201
Hækkun annarra langtímaskulda	21	101.999	136.543
Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatt		2.249.120	2.034.747
Vörubirgðir (hækkun), lækkun		(30.005)	15.756
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		28.036	(174.484)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(74.220)	41.601
Fyrirframinnheimtar tekjur (lækkun), hækkun		(92.887)	62.712
Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatt		2.080.044	1.980.333
Innborgaðir vextir og arður		90.966	164.760
Greiddir vextir		(355.575)	(363.791)
Greiddir skattar		(82.571)	(92.926)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.732.864</u>	<u>1.688.375</u>
Fjárfestingahreyfingar	12,13		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(2.261.172)	(1.968.243)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		5.723	6.423
		<u>(2.255.449)</u>	<u>(1.961.821)</u>
Fjármögnumnarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	20	(350.300)	(331.476)
Lækkun hlutafjár		(500.000)	(500.000)
Fyrirframinnheimtar tekjur	22	100.000	0
		<u>(750.300)</u>	<u>(831.476)</u>
Lækkun handbærs fjár		(1.272.885)	(1.104.922)
Handbært fé í upphafi árs		1.586.493	2.691.415
		<u>313.608</u>	<u>1.586.493</u>

Yfirlit um eigið fé árið 2017

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2016	1.074.300	268.575	0	7.181.686	8.524.561
Heildarafkoma ársins				735.937	735.937
Lækkun hlutafjár	(63.000)	(15.750)		(421.250)	(500.000)
Eigið fé 31. desember 2016	1.011.300	252.825	0	7.496.373	8.760.499
Eigið fé 1. janúar 2017	1.011.300	252.825	0	7.496.373	8.760.499
Hagnaður ársins				847.707	847.707
Önnur heildarafkoma ársins			3.530.000		3.530.000
Lækkun hlutafjár	(57.700)	(14.425)		(427.875)	(500.000)
Eigið fé 31. desember 2017	953.600	238.400	3.530.000	7.916.206	12.638.206

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2017, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

3. Reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 12 - rekstrarfjármunir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjáreigna og fjárskulda teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður hluti af gangvirði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem hér greinir.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir

Fjármálagerningar (framhald)

Fjáreignir og fjárskuldír (framhald)

Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru fyrst og fremst eiginfjárgerningar sem eru langtímafjárfestingar. Fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap vegna fjáreigna til sölu er fært á eigið fé að frádregnum sköttum, þar til eignin er sold, innheimt eða ráðstafað á annan hátt, eða þar til hún er virðisryrð. Við ráðstöfun á fjáreignum til sölu, er uppsafnaður óinnleystur hagnaður eða tap á eigin fé endurflokkað í rekstur. Vaxta- og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru færðar í rekstrarreikning. Eignarhlutar í félögum sem flokkaðir eru til sölu og markaðsverð verður ekki ákvarðað á virkum markaði eða metið með áreiðanlegum hætti, eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisryrnun.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkaðar sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisryrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar. Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé félagsins falla í þennan flokk.

Fjárskuldír á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjárskuldír, þar á meðal skuldír við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldír og aðrar skammtímaskuldír, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Hlutafé

Almennt hlutafé

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Færsla og mat

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar

3. Reikningsskilaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta óefnsilegra eigna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur	35 ár
Hugbúnaður	5 ár

Leigusamningar

Engir rekstrarleigusamningar eru hjá félagini.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluberð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vörum.

Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Skýringar

3. Reikningsskilaðferðir (framhald)

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti og þegar félagini ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfleði, sem er núvært með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Tekjur

Rekstrartekjur

Tekjur af orkuflutningi og dreifingu og sölu vatns eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntapi í dreifikerfi og arðsemi á fastafjármuni, fyrir vexti. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt tengigjald af notendum. Tengigjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld hafa verið tekjfærð á 15 árum en frá og með árinu 2017 eru þau að fullu tekjfærð á viðkomandi ári. Reikningshaldsleg meðferð eldri tengigjalda er óbreytt.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eignin er tilbúin til notkunar eða sölu. Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttинга á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningi annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Hagnaður á hlut

I ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félagini. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félagini, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamminga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vagna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Afkoma allra starfsþáttta félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfsþáttta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengast beint viðkomandi starfsþætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfsþætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfsþætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfsþáttta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

4. Stýring fjármálalegrar áhættu

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

Rekstrarrahætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2017 er leyft WACC eftir skatta 5,75% (eigið fé 8,67% og lánsfé 3,37%). Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttauplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

Árið 2017	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	3.354.455	2.048.998	654.582	185.524	6.243.560
Rekstrarafkoma starfsþáttta	621.522	521.956	268.249	19.493	1.431.220

Óskiptir liðir:

Fjármagnsliðir				(447.104)	
Tekjuskattur				(136.408)	
Hagnaður ársins					847.707
Endurmat rekstrarfjármuna					4.100.000
Tekjuskattur af endurmati					(570.000)
Heilarhagnaður ársins					4.377.707
Eignir starfsþáttta	13.058.251	6.637.788	3.556.205	117.432	23.369.677
Óskiptar eignir					1.703.111
Eignir samtals					25.072.788

Óskiptar skuldir					12.434.582
Fjárfestingar	1.109.798	771.269	67.474	312.631	2.261.172
Afskriftir	469.308	144.275	111.437	4.171	729.191
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)					2.160.411

Árið 2016	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	3.051.225	1.865.725	590.289	267.540	5.774.778
Rekstrarafkoma starfsþáttta	598.275	453.656	187.080	42.458	1.281.469
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir				(414.583)	
Tekjuskattur				(130.949)	
Heilarhagnaður ársins					735.937
